

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 20. desember 2017 í máli nr. E-51/2017:

Landsbankinn hf.

(Ásgeir Jónsson hrl.)

gegn

Ólafi H. Jónssyni og

Guðrúnu Árnadóttur

(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)

og

Guðrún Árnadóttir

gegn

Landsbankanum hf.

I

Mál þetta, sem var dómtekið 22. nóvember sl., er höfðað 15. desember 2016 af Landsbankanum hf., Austurstræti 11 í Reykjavík, gegn Ólafi H. Jónssyni og Guðrúnu Árnadóttur, báðum til heimilis að Huldubraut 50 í Kópavogi. Málið var þingfest 12. janúar 2017. Stefnda Guðrún höfðaði gagnsök á hendur stefnanda, Landsbankann hf., 1. febrúar 2017.

Dómkröfur aðalstefnanda, Landsbankans hf., í aðalsök eru þær að fyrningarslit kröfu hans á hendur stefnda, Ólafi H Jónssyni, verði viðurkennd með dómi og að honum verði gert að greiða aðalstefnanda skuld að fjárhæð 30.788.973 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af sömu fjárhæð frá 12. janúar 2013 til greiðsludags. Enn fremur krefst aðalstefnandi þess að honum verði með dómi heimilað að gera fjárnám inn í veðrétt sem aðalstefnandi á í fasteign gagnstefnanda Guðrúnar að Huldubraut 50, Kópavogi, með fastanúmerið 206-2842, samkvæmt tryggingarbréfi nr. 0111-63-110472, útgefnu 11. september 2000, allsherjarveði, tryggðu upphaflega með 4. veðrétti og uppfærslurétti, að fjárhæð 7.000.000 kr. og tryggingarbréfi nr. 0111-63-110470, útgefnu 17. ágúst 2006, allsherjarveði, tryggðu upphaflega með 3. veðrétti og uppfærslurétti, upphaflega fyrir samtals 16.000.000 kr., bundið vísitölu neysluverðs, grunnvísitölu 263,1 stig, til tryggingar skuld stefnda Ólafs við aðalstefnanda, skv. lánsamningi nr. 0111-5238-5538, útgefnum 21. september 2007, að höfuðstól 30.788.973 kr. þann 1. júní 2011. Í öllum tilvikum krefst stefnandi málskostnaðar auk virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Stefndi Ólafur og gagnstefnandi Guðrún krefjast bæði sýknu auk málskostnaðar í aðalsök.

Í gagnsök gerir gagnstefnandi Guðrún þá kröfu að tryggingarbréf, útgefið 11. september 2000 og 22. ágúst 2006, nr. 0111-63-110472, þinglýsingarskjöl nr. A-005964/2000 og nr. A-004156/06, og tryggingarbréf, útgefið 17. ágúst 2006, nr. 0111-63-110470, þinglýsingarskjöl nr. 003388/2006, bæði með veðtryggingu í Huldubraut 50, Kópavogi, með fastanúmeri 206-2842, til tryggingar skuldum stefnda, Ólafs H. Jónssonar, við aðalstefnanda, verði dæmd ógild. Þá krefst gagnstefnandi málskostnaðar úr hendi aðalstefnanda í gagnsök.

Aðalstefnandi krefst sýknu í gagnsök auk málskostnaðar að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

II

Stefndi, Ólafur H. Jónsson, og forveri stefnanda, Landsbanki Íslands hf., undirrituðu lánessamning 21. ágúst 2006 um svonefnt „fjölmyntalán til tveggja ára“. Með samningnum lofaði stefndi Ólafur að taka að láni og bankinn að lána honum jafnvirði 141.000 sterlingspunda. Lánstíminn skyldi vera sex mánuðir og bar að endurgreiða lánið með einni afborgun höfuðstóls og áfallinna vaxta í lok lánstímans 20. febrúar 2007. Auk höfuðstóls og vaxta skuldbatt stefndi Ólafur sig til þess að greiða dráttarvexti ef lánið yrði ekki endurgreitt á gjalddaga auk þess sem þá skyldi hann greiða kostnað sem hlotist hefði af vanefndum.

Í 9. gr. lánessamningsins kemur fram að til tryggingar á greiðslu allra lánshluta samkvæmt samningnum hafi lántaki gefið út tryggingarbréf nr. 0111-63-110470, að fjárhæð 16 milljónir króna, tryggt með veði í Huldubraut 50 í Kópavogi. Auk þess hefði lántaki gefið út tryggingarbréf nr. 0111-63-110472 að fjárhæð 7 milljónir króna, tryggt með veði í sömu fasteign, til frekari tryggingar á skilvísri og skaðlausri greiðslu lánsins. Samkvæmt 7. gr. samningsins var það skilyrði fyrir útborgun lánsins að lántaki afhenti bankanum umrædd tryggingarskjöl auk skriflegrar beiðni um útborgun.

Samkvæmt 10. gr. samningsins var bankanum heimilt að fella lánið einhliða og fyrirvaralaust í gjalddaga vegna tiltekinna vanefnda lántaka. Sérstaklega var tekið fram í grein 10.2 að yrði samningurinn gjaldfelldur á grundvelli greinar 10.1 væri bankanum heimilt að umreikna skuldina í íslenskar krónur miðað við skráð sölugengi bankans á þeim tíma.

Fáeinum dögum áður en samningur þessi var undirritaður, eða 17. ágúst 2006, gaf stefndi Ólafur út tryggingarbréf númer 0111-63-110470 þar sem bankanum var veðsett íbúð að Huldubraut 50 í Kópavogi, til tryggingar á öllum skuldum og fjárskuldbindingum hans við bankann, allt að fjárhæð 16 milljónir króna, auk dráttarvaxta, verðbóta, lögbundins vanskilaálags, kostnaðar við kröfugerð og innheimtu- og málskostnaðar, auk annars þar til greinds kostnaðar. Tekið var fram

að ofangreind hámarksfjárhæð skyldi bundin vísitölu neysluverðs. Tryggingarbréfið hvíldi á 3. veðrétti fasteignarinnar. Stefndi Ólafur ritaði undir tryggingarbréfið sem útgefandi. Gagnstefnandi, Guðrún Árnadóttir, eiginkona stefnda Ólafs, ritaði nafnið sitt á skjalið við yfirlýsingu þar sem fram kom að hún væri samþykkt veðsetningunni sem þinglýstur eigandi fasteignarinnar.

Í stöðluðum skilmálum tryggingarbréfsins 17. ágúst 2006 segir orðrétt: „Með undirritun sinni á tryggingarbréf þetta staðfestir veðsali, sem ekki er útgefandi, að hafa kynnt sér efni upplýsingabækling Landsbanka Íslands hf. um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila, en Landsbankinn er aðili að samkomulagi fjármálaþyrirtækja, stjórnvalda og Neytendasamtakanna um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.“ Eintak af þessum upplýsingabæklingi hefur ekki verið lagt fram í málinu.

Í málinu liggur einnig fyrir tryggingarbréf, dags. 11. september 2000, þar sem gagnstefnandi Guðrún samþykkir veðsetningu fasteignarinnar að Huldubraut 50 í Kópavogi til tryggingar „skilvísri greiðslu á skuldum við Handhafa og nú eða síðar, á hvaða tíma sem er, kann að skulda þeim aðilja“, allt að 7 milljónum króna. Í stöðluðum skilmálum tryggingarbréfsins kemur fram að veðið setji „veðsali til tryggingar skaðlausri og skilvísri greiðslu höfuðstóls, vaxta, verðbóta, vísitöluálags, svo og dráttarvaxta og alls kostnaðar, er leiða kann af vanskilum skuldara af innheimtu skuldarinnar“. Á bakhlið þessa tryggingarbréfs er yfirlýsing, dags. 17. ágúst 2006, þar sem fram kemur að gagnstefnandi hafi framselt Landsbanka Íslands hf. tryggingarbréfið. Meðfylgjandi þessu tryggingarbréfi er skjal, dags. 22. ágúst 2006, sem ber yfirskriftina „Nýr aðili. Viðauki við tryggingarbréf“, en þetta skjal ber númerið 0111-63-110472. Þar samþykkir bankinn, gagnstefnandi og stefndi Ólafur að umrætt tryggingarbréf frá 11. september 2000 standi framvegis einungis til tryggingar á öllum skuldum og fjárskuldbindingum stefnda Ólafs. Í frumriti tryggingarbréfsins frá 11. september 2000 er getið um þessa breytingu á því auk þess sem framangreint númer er handskrifað á bréfið.

Lánsfjárhæðin samkvæmt lánsamningnum 21. ágúst 2006 var greidd út 24. sama mánaðar í samræmi við skriflega beiðni stefnda Ólafs 22. ágúst 2006. Nam útborgunin 140.220,05 sterlingspundum, en þá var búið að draga frá lántökugjald og kostnað í samræmi við nánar tilgreind ákvæði samningsins. Fjárhæðin var greidd inn á tilgreindan reikning í eigu lántaka. Með beiðninni samþykkti stefndi Ólafur að bankinn skuldfærði greiðslu afborgana, vaxta og annarra gjalda samkvæmt lánsamningnum af sama reikningi.

Með viðaukum við lánsamning þennan 28. febrúar 2007, 25. september 2007 og 1. apríl 2008 var skilmálum hans breytt þannig að lánstími samkvæmt grein 2.1 var lengdur. Stefndi Ólafur ritaði undir þessar skilmálabreytingar ásamt

starfsmönnum bankans. Í þeim var í hvert sinn upplýst um fjárhæð eftirstöðva lánsins í sterlingspundum.

Eins og rakið er í stefnu ákvað Fjármálaeftirlitið 9. október 2008 að ráðstafa eignum og skuldum Landsbanka Íslands hf. til Nýja Landsbanka Íslands hf., sem síðar hlaut nafnið Landsbankinn hf. (aðalstefnandi) á grundvelli heimildar í 100. gr. a í lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga laga nr. 125/2008. Ágreiningslaust er að við það eignaðist aðalstefnandi réttindi kröfuhafa samkvæmt framangreindum lánessamningi og veðréttindi samkvæmt tryggingarbréfunum.

Stefnandi og stefndi Ólafur gerðu með sé samkomulag 5. desember 2008 um breytingu á skilmálum lánessamningsins 21. ágúst 2006. Með því var lánstímanum breytt þannig að stefndi Ólafur skuldbatt sig til þess að greiða eftirstöðvar lánsins auk áfallinna vaxta 1. apríl 2009. Fram kom í skilmálabreytingunni að eftirstöðvar lánsins hefðu verið 160.315,75 sterlingspund 1. október 2008.

Í stefnu greinir frá því að lánið samkvæmt framangreindum lánessamningi hafi verið endurútreiknað 1. júní 2011 og fært yfir í íslenskar krónur. Hafi stefnda Ólafí verið sendur greiðsluseðill með gjalddaga 1. júlí 2011 vegna eftirstöðva lánsins. Á þeim greiðsluseðli, þar sem vísað er til láns nr. 5538, kemur fram að eftirstöðvarnar nemi 30.788.973 krónum auk vaxta í einn mánuð 134.702 krónum.

Aðalstefnandi sendi stefnda bréf 18. september 2013 þar sem athygli var vakin á því að samkvæmt dómum Hæstaréttar Íslands í málum nr. 524/2011 og 332/2012 séu lán erlend þar sem höfuðstóll er tiltekinn í erlendri mynt í fyrrisögn eða á forsíðu samnings. Með hliðsjón af því teldist umrætt lán nr. 5538 ekki gengistryggt heldur erlent lán. Því kæmi bankinn ekki til með að leiðrétta fyrri endurútreikning á grundvelli fullnaðarkvittana. Sú niðurstaða væri einnig í samræmi við niðurstöðu Hæstaréttar Íslands í máli nr. 524/2001.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 30. apríl 2014 var bú stefnda Ólafs tekið til gjaldþrotaskipta að kröfu aðalstefnanda. Jafnframt lýsti aðalstefnandi kröfum á hendur stefnda Ólafí á grundvelli yfirdráttar á reikningi, skuldar á myntveltareikningi og tveggja lánessamninga, þar á meðal lánessamnings nr. 5538. Síðastnefnda krafa var samtals að fjárhæð 41.125.534 krónur í beiðninni, en þar af voru 10.201.959 krónur dráttarvextir frá 2. desember 2013 og 134.702 krónur samningsvextir. Í kröfulýsingu aðalstefnanda var einnig lýst kröfu í búið á grundvelli lánessamningsins að fjárhæð 43.210.115 krónur. Engar eignir fundust í búinu og lauk skiptum á því 30. desember 2014 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur.

Í málinu liggja fyrir yfirlit ábyrgða gagnstefnanda á „skuldum annarra“ við aðalstefnanda frá 1. janúar 2011, 1. janúar 2012, 5. janúar 2013, 31. desember 2013, 3. janúar 2015 og 8. janúar 2016. Í öllum þessum yfirlitum er getið um

tryggingarbréfin sem áður hefur verið vísað til. Þar kemur fram að greiðandi sé stefndi Ólafur. Aftan við ábyrgðarfjárhæð kemur fram á þessum yfirlitum að engin vanskil séu til staðar.

Með innheimtubréfi 28. nóvember 2014 var stefndi Ólafur krafinn um greiðslu lánsammansins frá 21. ágúst 2006. Sama dag voru gagnstefnanda send tvö bréf sem báru yfirskriftina „Innheimtubréf“. Þar var hún í öðru bréfinu krafin um greiðslu 7 milljóna króna á grundvelli tryggingarbréfs nr. 0111-63-110472 og þess getið að bréfið tryggði m.a. lánsamning nr. 5537 og næmi gjaldfallin skuld hans 6.794.174 krónum. Í hinu bréfinu var hún krafin um greiðslu 16 milljóna króna á grundvelli tryggingarbréfs nr. 0111-63-110470. Kom þar fram að bréfið tryggði m.a. lánsamning nr. 5538 og næmi gjaldfallin skuld þess 30.788.973 krónum að viðbættum vöxtum og öðrum innheimtukostnaði.

Með bréfi lögmanns gagnstefnanda 12. janúar 2015 var efni innheimtubréfanna mótmælt. Kom þar fram að gagnstefnandi teldi að hún skuldaði bankanum ekkert. Þá væri tryggingarbréf nr. 0111-63-110472 frá 11. september 2000 ógilt og var óskað eftir því að bréfinu yrði aflýst af fasteign hennar. Um hitt tryggingarbréfið, nr. 0111-63-110470, sagði í bréfinu að gagnstefnandi hefði skilið það svo að sú veðsetning hefði átt að vera til bráðabirgða og að „persónulegar skuldir Ólafs við bankann myndu gerðar upp strax og um þær semdist við bankann og þá án tryggingar í íbúð hennar“. Hafi henni hvorki verið kynnt hvaða fjárhæð stefndi Ólafur skuldaði bankanum né greiðslukjör þeirra skulda. Hefði gagnstefnandi aldrei samþykkt að greiða skuldir stefnda Ólafs við bankann. Hafi hún hvorki þekkt til né hafi henni verið kynntar mögulegar lánsúmsóknir hans. Þá hafi henni ekki verið kunnugt um samkomulag um notkun ábyrgða. Í ljós hafi komið að ákvæðum þess hafi ekki verið fylgt við veðsetninguna. Þá er upplýst að henni hafi fyrst orðið kunnugt um samningaviðræður um skuldir stefnda Ólafs við bankann á árinu 2013. Þar eru síðan færð nánari rök fyrir því að ógilda beri ábyrgðarskuldbindingu hennar samkvæmt tryggingarbréfinu.

Í málinu liggja fyrir frekari samskipti lögmanns gagnstefnanda við aðalstefnanda þar sem lögmaðurinn óskar eftir svári. Ekki liggur fyrir formlegt svar af hálfu stefnanda við bréfi lögmannsins 12. janúar 2015 að öðru leyti en því sem fram kemur í stefnu.

III

1. Málsástæður og lagarök aðalstefnanda í aðalsök

Aðalstefnandi kveðst byggja kröfur sínar á hendur gagnstefnanda á tryggingarbréfum nr. 0111-63-110470 og 0111-63-110472 sem hvíli á fasteign hennar og m.a. tryggi skuldir stefnda Ólafs sem lántaka skv. lánsamningi nr. 0163-

36-005538.

Í stefnu er efni framangreinds lánessamnings frá 21. ágúst 2006 lýst og skuldbindingum stefnda Ólafs samkvæmt honum, sem og þeirri útborgun sem átti sér stað á grundvelli hans 24. ágúst 2006. Þá er þar lýst þeim breytingum sem gerðar hafi verið á samningnum þar sem lánstíminn hafi verið framlengdur, auk þess sem þar er getið um endurútreikning lánsins 1. júní 2011.

Aðalstefnandi byggir á því að lántaki, stefndi Ólafur, hafi ekki greitt af láninu frá endurútreikningi. Eftirstöðvar lánsins hafi þá numið 30.788.973 krónum, sem sé stefnufjárhæðin gagnvart stefnda Ólafi. Dráttarvextir eldri en fjögurra ára séu fyrndir, sbr. 2. tölul. 3. gr. laga nr. 14/1905, um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, og 3. gr. og 2. másl. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 150/2007, um fyrningu kröfuréttinda. Til einföldunar og til hagsbóta fyrir skuldara sé miðað við að upphafstími ófyrndra dráttarvaxta sé fjórum árum fyrir þingfestingardag gagnvart stefnda Ólafi. Því sé krafist dráttarvaxta frá 12. janúar 2013.

Aðalstefnandi vísar til þess að skuldir lántaka, stefnda Ólafs, við stefnanda séu trygðar með tryggingarbréfum nr. 0111-63-110470 og 111-63-110472. Efni þessara bréfa er lýst í stefnu. Fram kemur að tryggingarbréf nr. 0111-63-110470 hafi verið útgefið 17. ágúst 2006 af stefnda Ólafi til tryggingar öllum skuldum og skuldbindingum hans við Landsbanka Íslands hf. auk dráttarvaxta og alls kostnaðar sem af vanskilum kunnri að leiða, upphaflega fyrir samtals 16.000.000 króna, verðtrygðri skv. vísitölu neysluverðs, grunnvísitölu 263,1 stig. Tryggingarbréf nr. 111-63-110472 hafi verið útgefið 17. ágúst 2006 af gagnstefnanda Guðrúnu til tryggingar greiðslu skulda hennar við „Handhafa“, fyrir allt að 7.000.000 króna auk dráttarvaxta og alls kostnaðar sem af vanskilum kynni að leiða. Gerður hafi verið viðauki við tryggingarbréfið 22. ágúst 2006 með fyrirsögninni „NÝR AÐILI“. Samkvæmt viðaukanum skyldi veðandlagið samkvæmt tryggingarbréfinu eftirleiðis einungis standa til tryggingar öllum skuldum og fjárskuldbindingum stefnda Ólafs við Landsbanka Íslands hf. Bæði tryggingarbréfin séu trygð með veði í fasteigninni Huldubraut 50, Kópavogi, með fastanúmerið 206-2842. Þinglýstur eigandi fasteignarinnar sé gagnstefnandi Guðrún.

Aðalstefnandi áréttar að bú lántakans, stefnda Ólafs, hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta 30. apríl 2014. Aðalstefnandi hafi lýst kröfum samkvæmt 111. gr. gjaldþrotalaga nr. 21/1991 í þrotabúið, m.a. kröfu að fjárhæð 43.210.115 krónur á grundvelli lánessamnings nr. 5538. Engar eignir hafi fundist í búinu og hafi skiptum á því lokið 30. desember 2014, skv. 155. gr. gjaldþrotalaga nr. 21/1991, án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur. Stefndi Ólafur sé skuldari samkvæmt áðurgreindum lánasamningi en ekki sé unnt að höfða mál í héraði gegn þrotabúinu, skv. 116. gr. laga nr. 21/1991.

Aðalstefnandi getur þess í stefnu að hann hafi ekki tryggt sér aðfararhæfa kröfu á hendur stefnda Ólafi sem lántaka áður en bú hans var tekið til gjaldþrotaskipta. Því sé stefnanda nauðsynlegt að fá dóm um að honum sé heimilað fjárnám í umræddri fasteign gagnstefnanda Guðrúnar að því marki sem veðtryggingin taki til dómkröfunnar samkvæmt ákvæðum áðurgreindra tryggingarbréfa sem hvíli á eign hennar að Huldubraut 50, Kópavogi. Aðalstefnandi vísar til þess að bréfin séu allsherjarveð og að ekki sé unnt að fara beint í aðför samkvæmt 1. gr. laga nr. 90/1989 eða beiðast nauðungarsölu samkvæmt 6. gr. laga nr. 90/1991 á grundvelli þeirra.

Aðalstefnandi kveður enn fremur nauðsynlegt að fá dóm fyrir kröfum sínum á hendur stefnda Ólafi til að slíta fyrningu á fjárkröfu samkvæmt 3. mgr. 165. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, sbr. lög nr. 142/2010. Líkt og áður hafi komið fram séu skuldir samkvæmt lánsamningi nr. 5538 tryggðar með ofangreindum tryggingarbréfum sem hvíli á fasteign gagnstefnanda Guðrúnar. Verði fyrningu gagnvart stefnda Ólafi ekki slitið með dómi sé aðalstefnanda gert ómögulegt að krefjast fullnustu kröfu sinnar með greiðslu skuldar eða fjárnámi inn í veðréttindin enda krafan sem veðrétturinn tryggi þá fyrnd. Aðalstefnandi hafi því sérstaka hagsmuni af því að slíta fyrningu. Þá telur hann að með því að fá dóm um kröfuna séu miklar líkur á að fullnusta geti fengist á kröfu hans á nýjum fyrningartíma. Skilyrði 3. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. séu því uppfyllt um viðurkenningu á fyrningar slitum gagnvart stefnda Ólafi.

Aðalstefnandi bendir á að gagnstefnanda Guðrúnu hafi verið send árlega yfirlit vegna lánsveða samkvæmt tryggingarbréfunum auk þess sem stefndi Ólafur og gagnstefnandi hafi fengið innheimtubrésið 28. nóvember 2014. Skuld þessi hafi ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir. Því sé aðalstefnanda nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar gagnvart stefnda Ólafi og fá dóm til þess að geta fullnustað kröfu sína gagnvart gagnstefnanda Guðrúnu.

Um lagarök kveðst aðalstefnandi byggja á meginreglum kröfu- og samningaréttar um greiðsluskyldu fjárskuldbindinga og fullnustu á veðrétti kröfueiganda. Vísað er til sammingsveðlaga nr. 75/1997, einkum 3. mgr. 4. gr., 5. gr., 1. mgr. 9. gr. og 15. til 20. gr. og 2. mgr. 165. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991. Kröfu sína um dráttarvexti styður aðalstefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001, einkum 1. mgr. 6 gr. laganna og 4. mgr. 5. gr. laganna, 2. tölul. 3. gr. laga nr. 14/1905, um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, og 3. gr. og 2. másl. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 150/2007. Krafa um málskostnað styðjist við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun sé reist á lögum nr. 50/1988. Aðalstefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur og beri honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti

Þessum úr hendi stefndu. Varðandi varnarþing vísar aðalstefnandi til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, en í lánsamningi sé samið um að mál vegna samningsins skuli höfða fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Þá sé enn fremur í tryggingarbréfunum heimild til þess að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur vegna veðsetningar samkvæmt þeim eða skuld sem þeim er ætlað að tryggja. Um aðild stefndu vísar aðalstefnandi til 19. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Um aðild aðalstefnanda vísar hann til 100. gr. a laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og til ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins.

2. Málsástæður og lagarök stefnda, Ólafs H. Jónssonar

Af hálfu stefnda, Ólafs H. Jónssonar, er á því byggt að skilyrðum 3. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., (gþl.) sé ekki fullnægt. Bendir hann á að 2. og 3. mgr. 165. gþl. eigi uppruna sinn í ákvæðum 1. gr. laga nr. 142/2010 sem hafi breytt ákvæðum 165. gr. gþl. í þeim tilgangi að auðvelda þeim einstaklingum sem sætt hafi gjaldþrotaskiptum að koma fjármálum sínum á réttan kjöl. Sú breyting hafi falið í sér styttingu á fyrningarfresti samkvæmt 2. mgr. 165. gr. gþl., sem og því að dóm um viðurkenningu fyrningarhlita skuli því aðeins veita að kröfuhafi sýni fram á að hann hafi sérstaka hagsmuni af því að slíta fyrningu aftur svo og að líkur megi telja á að fullnusta geti fengist á kröfu hans á nýjum fyrningartíma, sbr. 3. mgr. 165. gr. gþl.

Í 2. mgr. 165. gr. gþl. komi fram að hafi kröfu verið lýst við gjaldþrotaskiptin og ekki fengist greidd við þau sé fyrningu slitið gagnvart þrotamanninum og nýr tveggja ára fyrningarfrestur byrji að líða á þeim degi sem skiptum er lokið. Þá áréttar hann að kröfunni, sem stefnandi byggir þetta mál á, hafi verið lýst í búið, en hún hafi verið umdeild. Hvorki hafi verið leyst úr þeim ágreiningi áður en búið var tekið til gjaldþrotaskipta né undir rekstri þess máls. Ekkert hafi fengist greitt inn á neinar kröfur sem lýst hafi verið í búið þar sem engar eignir hafi verið þar til staðar. Skiptalok hafi verið 30. desember 2014 en þann dag hafi tveggja ára fyrningarfrestur samkvæmt 2. mgr. 165. gr. gþl. hafist.

Stefndi bendir á að samkvæmt 3. mgr. 165. gr. gþl. skuli því aðeins veita kröfuhafa dóm um viðurkenningu fyrningarhlita að kröfuhafi sýni fram á að hann hafi sérstaka hagsmuni af því að slíta fyrningu aftur svo og að líkur megi telja á því að fullnusta geti fengist á kröfu hans á nýjum fyrningartíma. Þegar rætt sé um sérstaka hagsmuni lánardrottins í lagagrein þessari sé horft til þess af hvaða rót kröfurnar séu runnar og höfð í huga tilvik eins og þegar krafa á hendur þrotamanni hafi orðið til með saknæmri eða ámælisverðri háttsemi hans gagnvart lánardrottni eins og fram komi í greinargerð með lagaákvæði þessu. Um undantekningartilvik væri hér að ræða og að beita eigi þröngri túlkun á heimildinni. Öll umfjöllun

málsins á Alþingi staðfesti þetta að mati stefnda.

Stefndi byggir á því að röksemdir aðalstefnanda fyrir því að hann hafi sérstaka hagsmuni af því að fá viðurkenningu á fyrningarslitum í málinu séu þær að ef ekki verði á það fallist „sé stefnanda gert ómögulegt að krefjast fullnustu kröfu sinnar með greiðslu skuldar eða fjárnámi inn í veðréttindin“.

Á það er bent af hálfu stefnda að aðalstefnandi byggir á því að skuldin hafi gjaldfallið 1. júlí 2011. Hann hafi ekki höfðað mál á hendur stefnda til staðfestingar á réttmæti þeirrar kröfugerðar og/eða til að fá aðfararhæfa kröfu á hendur stefnda í framhaldinu. Í stað þess hafi aðalstefnandi krafist gjaldþrotaskipta á búi stefnda Ólafs tveimur og hálfu ári síðar eða hinn 2. desember 2013 á grundvelli annarrar kröfu, ábyrgðarkröfu að fjárhæð u.þ.b. 1,5 milljónir króna. Aðalstefnandi hafi samkvæmt þessu ekki tryggt sér aðfararhæfa kröfu á hendur stefnda Ólafi samkvæmt lánasamningi í þessu máli áður en bú hans var tekið til gjaldþrotaskipta enda þótt aðalstefnandi hafi haft nægan tíma til þess að gera það.

Staðfest sé í stefnu að málshöfðun aðalstefnanda á hendur stefnda Ólafi sé eingöngu gerð í þeim tilgangi að leiðrétta afleiðingar mistaka hans sjálfs sem felist í því að hann geti ekki gengið að veði sem hann telji sig eiga í fasteign gagnstefnanda Guðrúnar. Stefndi byggir á því í máli þessu að tilgangur og verndarhagsmunir 3. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991 um „sérstaka hagsmuni“ beinist ekki að því að hjálpa kröfuhafa við að bæta úr einhverjum annmörkum eða hnökrum á málatilbúnaði hans og/eða að hjálpa honum við að reyna að koma í veg fyrir afleiðingar mistaka hans. Af þessum sökum séu hinir sérstöku hagsmunir kröfuhafa, sem þurfi að vera til staðar til að slíta fyrningu kröfunnar samkvæmt lögskýringu á ákvæðinu, ekki fyrir hendi í máli þessu. Þegar af þeirri ástæðu beri að sýkna stefnda af öllum kröfum aðalstefnanda.

Stefndi telur að síðara skilyrði 3. mgr. 165. gr. gþl., um að stefnandi sanni að líkur séu á því að fullnusta geti fengist á kröfu stefnanda frá stefnda á nýjum fyrningartíma, sé ekki heldur til staðar. Bendir hann á að tilgangur ákvæðisins sé að auðvelda þeim einstaklingum sem teknir hafi verið til gjaldþrotaskipta að koma fjármálum sínum á réttan kjöl „í stað þess að vera eltir af skuldheimtumönnum sínum út yfir gröf og dauða vegna óuppgerðra skulda“, eins og segi orðrétt í einu nefndarálita nefnda Alþingis við meðferð málsins. Lagaákvæðið miði þannig að því að létta skuldabyrði skuldara í öðrum tilvikum en þeim þegar lánardrottinn getur sýnt fram á að líkur séu á því að skuldaranum muni vaxa svo fiskur um hrygg á nýjum fyrningartíma að hann geti greitt skuldir sínar sem leitt hafi til gjaldþrotsins án þess að skerða möguleika hans sjálfs við að koma eigin fjármálum á réttan kjöl.

Stefndi telur að lagaákvæðið sé ekki hugsað til að hjálpa lánardrottni við að ná fullnustu kröfu sinnar frá einhverjum öðrum en skuldaranum, sem þá myndi að

sjálfsögðu beina kröfunni að skuldaranum án tillits til skilyrðis laganna um að líkur séu á fullnustu kröfunnar. Engu breyti í þessu sambandi þó að þessi þriðji aðili sé í þessu tilviki eiginkona stefnda Ólafs. Tilgangur lagaákvæðisins og verndarhagsmunir séu ekki þeir sem stefnandi byggir á í máli þessu, að hjálpa stefnanda við að ná „fjárnámi inn í veðréttindi í fasteign“ í eigu annars aðila, eins og segi í stefnu. Það sem máli skipti sé hvort líkur megi telja á að fullnusta geti fengist úr hendi stefnda Ólafs á nýjum fyrningartíma. Það atriði sé ekki rökstutt með neinum hætti í stefnu eða framlögðum gögnum málsins. Sönnunarbyrðin um það efni hvíli alfarið á aðalstefnanda en sú sönnun hafi ekki tekist.

Stefndi tekur fram í þessu sambandi að gjaldþrotameðferð á búi hans hafi haft þau áhrif á fjárhag hans persónulega að tekjur hans á árinu 2015 hafi aðeins verið tilfallandi og óverulegar og að á árinu 2016 hafi hann ekki haft neinar tekjur. Því til viðbótar hafi hann hlotið mænuskaða í september 2016. Hann hafi verið algjörlega óvinnufær frá þeim tíma, ófær til gangs og þurfi að nota hjólastól til að komast leiðar sinnar, þegar þetta er ritað sé hann til meðferðar á Grensásdeild Landspítala. Fullyrðing aðalstefnanda í stefnu um að „miklar líkur (séu) á að fullnusta geti fengist á kröfu hans (aðalstefnandans) á nýjum fyrningartíma“ verði vægast sagt hjáróma í ljósi staðreynda um framtíðarhorfur stefnda.

Öllu þessu til viðbótar getur stefndi þess að kröfugerð aðalstefnanda um að hann eigi einhvern lögvarinn veðrétt í eign gagnstefnanda, Guðrúnar Árnadóttur, í íbúð hennar að Huldubraut 50 í Kópavogi, sé andmælt í greinargerð gagnstefnanda í máli þessu og í gagnstefnu.

Af framangreindu telur stefndi ljóst að því fari víðs fjarri að aðalstefnanda hafi tekist sönnun þess að einhver líkindi séu á því að hann fái fullnustu kröfu sinnar úr hendi stefnda Ólafs á nýjum fyrningartíma. Líkur þess hafi frekar minnkað ef eitthvað er. Að svo stöddu beri einnig að hafna fyrningarslitum af þeirri ástæðu.

Enda þótt stefndi telji fráleitt að fallist verði á dómkröfu aðalstefnanda um fyrningarslit vill stefndi gera grein fyrir afstöðu sinni til kröfu aðalstefnanda um að stefndi greiði honum 30.788.973 krónur auk dráttarvaxta frá 12. janúar 2013. Ef til þess kæmi krefst stefndi einnig sýknu af þeirri kröfu aðalstefnanda.

Þessu til stuðnings vísar stefndi til þess að þegar samningurinn hafi verið gerður 21. ágúst 2006 hafi gengi sterlingspunds gagnvart íslenskri krónu numið 132,11 krónum. Fjárhæð samningsins í íslenskum krónum á þeim degi hafi því numið 18.627.510 krónum. Hinn 1. júní 2011, þegar aðalstefnandi segi að hann hafi endurreiknað skuldina og fært hana yfir í íslenskar krónur, hafi hún numið 30.788.973 krónum samkvæmt stefnu, sem sé höfuðstóll dómkröfu í máli þessu. Engin grein sé gerð fyrir því í stefnu eða skjölum málsins hvort í þeirri fjárhæð séu vextir eða hvort eitthvað hafi verið greitt inn á skuldina. Lán þetta hafi verið

„kúlulán“, sem skyldi greitt upp að fullu innan sex mánaða frá gerð lánsammansins eða hinn 20. febrúar 2007.

Stefndi tekur fram að í kröfulýsingu aðalstefnanda í þrotabú stefnda Ólafs hafi hann gert kröfu um greiðslu skuldar samkvæmt Visakorti, 591.571 krónu. Sú krafa sé fallin niður. Í öðru lagi hafi verið krafist greiðslu ætlaðrar skuldar vegna fjölmyntaláns nr. 5537 að fjárhæð 9.535.093 krónur. Þessi krafa hafi verið umdeild og ekki sé gerð krafa um greiðslu hennar í þessu máli. Í þriðja lagi hafi verið krafist greiðslu á umdeildri kröfu þessa máls sem hafi numið 43.210.115 krónum í kröfulýsingunni. Í fjórða lagi hafi verið um að ræða dæmdan kærumsálskostnað vegna Hæstaréttarmálsins nr. 338/2014, 250.000 krónur, sem ekki sé gerð krafa um í þessu máli. Í fimmta lagi hafi verið krafist greiðslu á 331.218.361 krónu eða 526.163.580 krónum. Þessi krafa hafi verið sögð byggjast á sjálfskuldarábyrgð stefnda Ólafs. Sú krafa hafi verið fallin niður vegna fyrningar samkvæmt úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 28. nóvember 2014, í máli aðalstefnanda gegn stefnda Ólafi. Í kröfuskra hafi kröfur aðalstefnanda verið taldar nema 384.555.140 krónum. Aðalstefnandi hafi lækkað kröfur sínar í bú stefnda um 331.218.361 krónu 30. desember 2014. Samkvæmt bréfi frá „vélmennadeild“ aðalstefnanda til stefnda, dags. 10. janúar 2017, hafi deildin nú endurræst þá skuld sem ábyrgðarskuld stefnda við stefnanda, reyndar í skilum, að fjárhæð 241.740.000 krónur. Þetta séu augljós mistök deildarinnar sem stefndi samþykki að sjálfsögðu ekki. Þetta sérstæða kröfufurli aðalstefnanda gagnvart stefnda Ólafi sé rakið með mjög ónákvæmum hætti í stefnu málsins svo ekki sé kveðið sterkara að orði.

Stefndi heldur því fram að eina krafan sem hafi getað verið grundvöllur að beiðni aðalstefnanda um gjaldþrotaskipti hafi verið krafa að fjárhæð 1.789.979 krónur sem hafi verið greidd í beinu framhaldi af gjaldþrotabeiðninni. Þegar úrskurður um töku bús stefnda Ólafs til skipta hafi verið kærð til Hæstaréttar hafi verið reynt að gera grein fyrir þessari stöðu málsins. Öllum þessum málsatvikum, sem nú liggja fyrir sem óumdeildar staðreyndir, hafi verið mótmælt af hálfu aðalstefnanda. Þar eð stefnda Ólafi hafi ekki tekist sönnun þeirra á þeim tíma hafi Hæstiréttur ekki átt annarra kosta vól en að staðfesta úrskurð héraðsdóms um að bú stefnda Ólafs skyldi tekið til skipta sem gjaldþrota. Samkvæmt kröfuskra hafi ekki verið tekin afstaða af hálfu skiptastjóra til lýstra krafna þar sem fullvíst hafi verið talið að ekki kæmi til greiðslna almennra krafna.

Stefndi Ólafur vekur athygli á því að lagt hafi verið fram í málinu skjal með yfirskriftinni gjalddagar í vanskilum 1. júlí 2011 þar sem fram komi að þau hafi numið 46.376.679 krónum. Á sama tíma hafi gagnstefnanda Guðrúnu verið tilkynnt að skuldir stefnda Ólafs, sem hún hafi veitt veðtryggingu fyrir, samtals 30.388.826 krónur, væru í skilum. Efnislega samhljóða tilkynningar með svipuðum fjárhæðum

hafi síðar borist gagnstefnanda Guðrúnu. Samkvæmt tilkynningu 8. janúar 2016 hafi „ábyrgðarfjárhæðin“ verið sögð nema 33.113.265 krónum. Þessar fjárhæðir séu ekki í samræmi við framlögð skjöl stefnanda frá 28. nóvember 2014, ýmist til stefnda Ólafs og eða til gagnstefnanda Guðrúnar.

Í stefnu komi fram að ekki hafi verið greitt af láni stefnda Ólafs eftir 1. júní 2011. Ekkert reikningsyfirlit eða uppgjör af neinu tagi liggja fyrir í málinu um ætlaða þróun skuldar stefnda Ólafs frá 24. ágúst 2006. Stefndi viðurkennir ekki að hann skuldi aðalstefnanda hina umkröfðu fjárhæð, hvorki að hluta né í heild. Stefndi Ólafur telur að réttur útreikningur innborgana hans á lánsfjárhæð þá sem hann hafi tekið á móti 24. ágúst 2006 frá stefnanda, að frádregnum ólögætum gengishækkunum og vaxtaútreikningi aðalstefnanda, myndi sýna að skuld þessi sé í reynd greidd að fullu.

Stefndi Ólafur áréttar að hann hafi kynnt sér gagnstefnu gagnstefnanda, Guðrúnar Árnadóttur, í málinu og að hann fallist á það sem þar komi fram.

Um lagarök vísar stefndi Ólafur einkum til 2. og 3. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., meginreglna um áhrif tómlætis og tillitsskyldu sammingsaðila, auk tilvitnaðra laga sem þegar hafi verið rakin.

3. Málsástæður og lagarök gagnstefnanda í aðalsök

Af hálfu gagnstefnanda, Guðrúnar Árnadóttur, er krafist sýknu í aðalsök. Til stuðnings þeirri kröfu tekur gagnstefnandi fram að tryggingarbréfið 11. september 2000 hafi ekki verið gefið út til tryggingar skuld eins eða neins við útgáfu skjalsins. Hún minnst þess ekki lengur hvaða hugsun hafi legið að baki útgáfu þess skjals. Ekki er á því byggt af hálfu aðalstefnanda í þessu máli að einhver skuld við bankann frá þeim tíma falli undir tryggingarbréf þetta fyrr en við útgáfu skjals um nýjan aðila 22. ágúst 2006. Gagnstefnanda hafi ekki verið kynnt tilefni útgáfu þess skjals eða efni þess að öðru leyti en því að stefndi Ólafur hafi sagt henni að það tengdist einhverjum viðskiptum hans með aðalstefnanda sem væru í vinnslu og að tryggingarbréfinu yrði aflýst innan nokkurra mánaða.

Sama megi segja um útgáfu tryggingarbréfsins 17. ágúst 2006. Gagnstefnanda hafi ekki verið kynnt tilefni útgáfu þess skjals eða efni þess að öðru leyti en því að stefndi Ólafur hafi sagt henni að það tengdist einhverjum viðskiptum hans með aðalstefnanda sem væru í vinnslu og að því tryggingarbréfi yrði einnig aflýst fljótlega þegar þau viðskipi yrðu endanlega frágengin.

Gagnstefnandi fullyrðir að geta stefnda Ólafs til að endurgreiða lán að fjárhæð 141.000 sterlingspund innan sex mánaða frá 21. ágúst 2008 hafi alls ekki verið fyrir hendi – fjarri því. Hún hefði aldrei samþykkt að veita veðtryggingu í íbúð sinni fyrir lántöku af þessu tagi eða með þessum skilmálum. Það hafi ekki flögrað að

henni að þessi tryggingarbréf í íbúð hennar myndu vera til tryggingar skuldum af þessu tagi eða að þær skuldir tengdust einhverjum áhættusömum viðskiptum.

Af gögnum málsins telur gagnstefnandi ljóst að aðalstefnanda hafi verið vel kunnugt um fjárhagslega stöðu stefnda Ólafs, bæði eignir og skuldir, þar á meðal sjálfskuldarábyrgðir hans. Sú staðreynd að stefndi Ólafur hafi hvorki getað fjármagnað né veðtryggt umrædda fjárhæð lánsamningsins staðfesti að aðalstefnanda hafi verið kunnugt eða mátt vera kunnugt um takmarkaða greiðslugetu hans strax í ágúst 2006. Sú takmarkaða greiðslugeta hafi síðan ítrekað verið staðfest við gerð framangreindra viðauka við lánsamninginn allt fram á árið 2008.

Gagnstefnandi byggir á því að aðalstefnanda hafi borið að upplýsa hana um fjárhagslegu stöðu stefnda Ólafs við gerð lánsamningsins í ágúst 2006 og að láta fara fram greiðslumat í samræmi við 3. gr. samkomulags Samtaka banka o.fl. og viðskiptaráðherra um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 27. janúar 1998 og frá 1. nóvember 2001. Aðalstefnandi hafi gert hvorugt. Aðalstefnandi hafi hvorki kynnt gagnstefnanda efni skuldbindinga stefnda Ólafs við aðalstefnanda né fjárhagslega stöðu hans gagnvart aðalstefnanda á þeim tíma og ekki heldur ábyrgðarskuldbindingar hans að fjárhæð fleiri hundruð milljónir króna. Aðalstefnandi hafi heldur ekki óskað eftir mati á greiðslugetu stefnda Ólafs. Aðalstefnandi hafi aldrei haft samband við gagnstefnanda í sambandi við þá ábyrgð sem hún hafi gengist undir með veðsetningu á heimili þeirra hjóna. Óþarfi sé að ræða hinn augljósa aðstöðumun sem hafi verið á milli hennar og aðalstefnanda. Í því samhengi beri að horfa til ákvæða 1. mgr. 19. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, en ljóst sé að aðalstefnandi hafi hvorki virt þau ákvæði né önnur ákvæði laga um neytendavernd.

Gagnstefnandi vísar til þess að samkvæmt 1. mgr. 5. gr. samkomulagsins og 7. gr. laga nr. 32/2009, um ábyrgðarmenn, beri fjármálafyrirtæki/lánveitanda að tilkynna ábyrgðarmanni um vanskil/vanefndir lántaka. Aðalstefnandi hafi sent tilkynningar til gagnstefnanda um þetta efni árlega allt frá 1. janúar 2011 til 8. janúar 2016 sem og bréf, dags. 10. janúar 2017. Þar komi ávallt fram að engin vanskil séu á skuldum stefnda Ólafs allt þetta tímabil. Í ljósi annarra gagna málsins séu þessar tilkynningar allar efnislega rangar þó að gagnstefnandi hafi ekki vitað það fyrr en síðar samkvæmt framansögðu. Væntanlega séu þetta tilkynningar frá „vélmennadeild“ aðalstefnanda, eins og það er orðað í greinargerð. Gagnstefnandi telur að stjórn aðalstefnanda beri einnig ábyrgð á afleiðingum mistaka „vélmennadeildar“ sinnar. Þau mistök blasi við í máli þessu.

Gagnstefnandi vísar til þess að aðalstefnandi rökstyðji dómkröfu sína í stefnu með því að „stefnanda sé nauðsynlegt að fá dóm um að honum sé heimilað fjárnám

í umræddri fasteign stefndu Guðrúnar“. Krafa aðalstefnanda sé um heimild til fjárnáms í heimili stefnda Ólafs og gagnstefnanda að Huldubraut 50. Þessi krafa aðalstefnanda gangi þannig gegn ákvæði 1. mgr. 8. gr. laga nr. 32/2009, um ábyrgðarmenn, sem kveði á um að ekki verði gerð aðför í fasteign þar sem ábyrgðarmaður býr eða fjölskylda hans ef krafa á rót sína að rekja til persónulegrar ábyrgðar.

Gagnstefnandi tekur fram að nákvæmlega engin lýsing komi fram á þeim skuldum sem framangreind tryggingarbréf eiga að tryggja annað en hámark ábyrgðarfjárhæðar í íslenskum krónum. Tryggingarbréfin séu með ákvæðum um að þau séu allsherjarveð til tryggingar skuldum tiltekins aðila. Auk höfuðstóls skuldanna séu þau til tryggingar vöxtum, verðbótum og fullnustukostnaði o.fl. af því tagi.

Af hálfu gagnstefnanda er á því byggt að lýsingu þeirra skulda, sem tryggingarbréfunum sé ætlað að tryggja, sé það ábótavant í þessu tilviki samkvæmt viðurkenndum reglum veðréttarins að þeim verði vikið til hliðar í heild sinni, í þessu tilviki á grundvelli ákvæða 36. gr. laga nr. 7/1936. Tryggingarbréf þessi verði ekki talin tryggja skuld samkvæmt kröfugerð aðalstefnanda.

Gagnstefnandi bendir á að skuld sú sem hér sé krafist tryggingar fyrir af hálfu aðalstefnanda hafi numið 18.627.510 íslenskum krónum á þeim degi sem hún hafi verið greidd stefnda Ólafi í september 2006. Samkvæmt stefnu nemi hin umkrafða fjárhæð 30.788.973 krónum miðað við 1. júní 2011, en með vöxtum frá 12. janúar 2013 samkvæmt stefnu, sem myndu nema 19.665.493 krónum miðað við 25. janúar 2017, eða samtals 50.454.466 krónum.

Af því sem að framan er rakið sé ljóst að skuldin samkvæmt lánsamningi nr. 5538 hafi í upphafi verið í erlendum gjaldeyri að fjárhæð 141.000 sterlingspund. Í báðum tryggingarbréfunum komi fram að þau séu til tryggingar skuldum í íslenskum krónum.

Því hafi þegar verið lýst að skuldin skyldi greidd upp á næstu sex mánuðum frá útgáfu lánsammans, en ljóst hafi verið að það hafi verið algjörlega ómögulegt fyrir stefnda Ólaf undir öllum venjulegum aðstæðum.

Af hálfu aðalstefnanda sé aðeins gerð grein fyrir hluta ferils þessarar skuldar, uppfærslu hennar, vöxtum og dráttarvaxtaútreikningi og innborgunum í stefnu. Stefndi Ólafur telji skuldina upp greidda. Gagnstefnandi telur ljóst að skuld þessarar gerðar sé víðs fjarri þeirri skuld sem hún hafi talið að framangreindum tryggingarbréfum væri fyrirhugað að tryggja, bæði varðandi fjárhæð, gengistryggingu, endurgreiðslutíma og feril allan. Smáaleturspula eða alhæfingar bréfanna um annað hafi ekki skuldbindingargildi í þessu sambandi.

Gagnstefnandi byggir á því að lán aðalstefnanda nr. 5538 sé fjarri því að geta talist vera skuld sem njóti tryggingarverndar framangreindra tryggingarbréfa samkvæmt grundvallarreglum ákvæða laga um samningsveð, nr. 75/1997.

Gagnstefnandi byggir á því að af öllum framangreindum ástæðum beri að fallast á kröfu hennar í aðalsök um sýknu sem felur í sér að veðsetning sú sem hún hafi veitt með tryggingarbréfi útgefnu 11. september 2000, nr. 0111-63-110472, og tryggingarbréfi útgefnu 17. ágúst 2006, nr. 0111-63-110470, standi hvorugt til tryggingar skuld stefnda, Ólafs H. Jónssonar, samkvæmt lánsamningi nr. 5538. Enn fremur að kröfu aðalstefnanda um að honum verði með dómi heimilað að gera fjárnám fyrir eftirstöðvum þess láns inn í veðrétti samkvæmt þeim tryggingarbréfum verði hafnað.

Gagnstefnandi telur að samkvæmt framansögðu séu uppfyllt öll skilyrði ákvæðis 36. gr. laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, um að hafna því að krafa aðalstefnanda í máli þessu verði tekin til greina. Því beri að samþykkja dómkröfu hennar í máli þessu um sýknu.

Um lagarök vísar gagnstefnandi í aðalsök til meginreglna samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga, meginreglna um áhrif tómlætis og tillitsskyldu samningsaðila og til lögskýringarsjónarmiða um beitingu 36. gr. samningalaga nr. 7/1936. Þá vísar hann til laga um fjármálafyrirtæki nr. 16/2002, 1. mgr. 19. gr., ákvæða 1. mgr. 8. gr. sem og 7. gr. laga nr. 32/2009, um ábyrgðarmenn, og til laga um samningsveð nr. 75/1997.

4. Málsástæður og lagarök gagnstefnanda í gagnsök

Gagnstefnandi tekur fram að krafa hennar í aðalsök feli ekki í sér efnislega eða beina kröfu um ógildingu veðskjala í málinu. Því sé gagnstefnanda nauðsynlegt að hafa uppi kröfu í gagnsök til sjálfstæðs dóms um ógildingu þeirra. Á því er byggt að gagnkrafan eigi rætur að rekja til sömu atvika og löggerninga og aðalkrafa aðalstefnanda í aðalsök, þ.e. til framangreindra tryggingarbréfa. Gagnstefna til sjálfstæðs dóms sé reist á 2. mgr. 28. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Gagnstefnandi tekur fram að stefndi Ólafur sé viðskiptafræðingur að mennt frá Háskóla Íslands. Eftir frækinn íþróttamannsferil, bæði héraendis og erlendis, hafi hann snúið sér að ýmsum framkvæmdum sem tókust sum hver vel en önnur miður. Gagnstefnandi hafi aldrei verið þátttakandi eða virk í þeim verkefnum. Þegar börn þeirra hafi verið vaxin úr grasi hafi hún farið í nám á ný og innritað sig í sálfræði við Háskóla Íslands. Þar hafi hún tekið BA-gráðu í sálfræði árið 1995 og MA-gráðu frá sama skóla árið 1999. Því næst hafi hún lokið tveggja ára framhaldsnámi í því fagi í Háskólanum í Derby á Englandi og útskrifast þaðan árið 2004. Gagnstefnandi hafi unnið utan heimils á sínu sviði að námi loknu. Hún hafi hins vegar ekki

menntun, reynslu eða þekkingu á sviði viðskipta.

Fram kemur í gagnstefnu að stefndi Ólafur og gagnstefnandi Guðrún hafi komist vel af, en Guðrún kveðst ekki hafa þekkt til fjárhagslegrar stöðu Ólafs í tengslum við viðskipti hans nema að óverulegu leyti.

Í gagnstefnu er rakið efni þeirra veðskjala sem gagnstefnandi krefst að verði felld úr gildi. Þar er áréttað að tryggingarbréfið frá 12. september 2000 hafi ekki verið gefið út til tryggingar á skuldum eins eða neins á þeim tíma. Minnist hún ekki lengur hvaða hugsun hafi legið að baki útgáfu þessa skjals. Þá hafi henni ekki kynnt tilefni útgáfu skjalsins um nýjan aðila frá 22. ágúst 2006. Hafi henni einungis verið tjáð að það tengdist einhverjum viðskiptum sem stefndi Ólafur væri með í vinnslu með aðalstefnanda og að tryggingarbréfinu yrði aflýst fljótlega.

Af hálfu gagnstefnanda er einnig áréttað í gagnstefnu að henni hafi ekki verið kynnt tilefni útgáfu tryggingarbréfsins frá 17. ágúst 2006 að öðru leyti en því að stefndi Ólafur hafi sagt henni að það tengdist einhverjum viðskiptum hans sem hann væri með í vinnslu með aðalstefnanda og að bréfinu yrði aflýst fljótlega.

Gagnstefnandi kveðst ekkert hafa heldur vitað um gerð lánsamningsins 21. ágúst 2006. Hún hafi heldur ekki verið upplýst um viðauka eða breytingar á skilmálum samningsins.

Gagnstefnandi styður ógildingarkröfur sínar í gagnsök í meginatriðum með sömu rökum og sýknukröfu sína í aðalsök. Hún áréttar að greiðslugeta stefnda Ólafs hafi við lánveitinguna í ágúst 2006 ekki verið fyrir hendi og vísar því til stuðnings til skattframtals þeirra hjóna fyrir árið 2006. Hafi það aldrei flögrað að henni að þessi tryggingarbréf í íbúð hennar myndu vera til tryggingar á skuldum sem tengdust einhverjum áhættusömum viðskiptum. Þá bendir hún á að hún hafi ekki vitað fyrr en á árinu 2013 að fjárhagur eiginmanns hennar hafi verið kominn í óefni.

Gagnstefnandi heldur því fram að aðalstefnanda hafi frá upphafi verið kunnugt um fjárhagsstöðu stefnda Ólafs, þar á meðal um sjálfskuldarábyrgðir hans. Sú staðreynd að hann hafi hvorki getað fjármagnað né veðtryggt umrædda fjárhæð lánsamningsins staðfesti að aðalstefnanda hafi verið eða mátt vera kunnugt um takmarkaða greiðslugetu hans strax í ágúst 2006. Sú takmarkaða greiðslugeta hafi síðan ítrekað verið staðfest við gerð viðauka við lánsamninginn.

Gagnstefnandi byggir á því að aðalstefnanda hafi borið að upplýsa hana um fjárhagslega stöðu stefnda Ólafs við gerð lánsamningsins í ágúst 2006 og láta fara fram greiðslumat í samræmi við 3. gr. samkomulags Samtaka banka o.fl. og viðskiptaráðherra um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 27. janúar 1998 og 1. nóvember 2001. Það hafi aðalstefndi ekki gert. Þá bendir gagnstefnandi á að aðalstefnandi hafi heldur ekki upplýst hana um ábyrgðarskuldbindingar hans að

fjárhæð fleiri hundruð milljóna króna.

Gagnstefnandi bendir enn fremur á að aðalstefnandi hafi aldrei haft samband við hana í tengslum við ábyrgðina sem hún hafi gengist undir með veðsetningu heimilis þeirra hjóna. Áréttar gagnstefnandi í þessu sambandi þann augljósa aðstöðumun sem hafi verið milli hennar og aðalstefnanda og vísar þar til skyldu fjármálafyrirtækja samkvæmt 1. mgr. 19. gr. laga nr. 161/2002.

Af hálfu gagnstefnanda er jafnframt vísað til 1. mgr. 5. gr. samkomulagsins um sjálfskuldarábyrgðir sem og 7. gr. laga nr. 32/2009, um ábyrgðarmenn, þar sem sú skylda sé lögð á fjármálafyrirtæki að tilkynna ábyrgðarmanni um vanskil eða vanefndir lántaka. Telur gagnstefnandi að misbrestur hafi orðið á því af hálfu aðalstefnanda, en allar tilkynningar til hennar hafi borið með sér að skuldir stefnda Ólafs væru í skilum.

Gagnstefnandi telur samkvæmt framansögðu að uppfyllt séu skilyrði 36. gr. laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, til þess að ógilda samþykki hennar til veðsetningar á íbúð hennar að Huldubraut 50 í Kópavogi samkvæmt framangreindum tryggingarbréfum. Því beri að fallast á kröfu hennar í gagnsök. Gagnstefnandi áréttar að hún hafi borið málsatvik, málsástæður og dómkröfu í gagnsök undir meðstefnda hennar í aðalsök, Ólaf H. Jónsson, og hann fallist á þær og taki undir þann málatilbúnað.

Af hálfu gagnstefnanda er einkum byggt á meginreglum samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga, meginreglum um áhrif tómlætis og tillitsskyldu samningsaðila og lögskýringarsjónarmiðum um beitingu 36. gr. samningalaga nr. 7/1936, 1. mgr. 19. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, ákvæða 1. mgr. 8. gr. laga nr. 32/2009, um ábyrgðarmenn, 7. gr. sömu laga, laga um samningsveð nr. 75/1997 og 2. mgr. 28. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

5. Málsástæður og lagarök aðalstefnanda í gagnsök

Aðalstefnandi reisir sýknukröfu sína í gagnsök m.a. á því að framlögð gögn sýni að gagnstefnandi hafi verið virkur þátttakandi í þeim viðskiptum eiginmanns síns sem tengjast umræddum tryggingarbréfum sem gagnstefnandi fari fram á að verði ógilt. Í þessu sambandi rekur aðalstefnandi ýmsa gerninga er tengjast umræddri fasteign að Huldubraut 50. Þannig bendir aðalstefnandi á að gagnstefnandi hafi fengið þá fasteign afsalað til sín frá Lífeyrissjóði lækna með afsali, dags. 12. febrúar 1999. Hún hafi afsalað fasteigninni til Sport 2000 ehf. með afsali, dags. 16. janúar 2000, en meðstefndi í aðalsök, maki gagnstefnanda, Ólafur H. Jónsson, hafi ritað undir afsalið fyrir hönd Sport 2000 ehf. Tryggingarbréfið sem gefið hafi verið út 11. september 2000, hafi þá hvílt á 4. veðrétti fasteignarinnar, og

verið yfirtekið sem veðskuld af afsalshafa, Sport 2000 ehf. Á þessum tíma hafi stefndi Ólafur verið stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Sport 2000 ehf. Gagnstefnandi og Sport 2000 ehf. hafi orðið ásátt um riftun á afsalsgerningnum frá 16. janúar 2000 með yfirlýsingu, dags. 19. mars 2001. Gagnstefnandi hafi þar með orðið aftur eigandi fasteignarinnar.

Aðalstefnandi bendir á að gagnstefnandi hafi að nýju afsalað fasteigninni til Arnars Ólafssonar með afsali, dags. 19. mars 2001. Tilgreint heimilisfang Arnars og gagnstefnanda sé það sama og því dregur aðalstefnandi þá ályktun að hann sé sonur gagnstefnanda. Framangreint tryggingarbréf hafi enn hvílt á 4. veðrétti fasteignarinnar, og verið yfirtekið sem veðskuld af afsalshafa, Arnari Ólafssyni. Arnar Ólafsson hafi síðan afsalað fasteigninni til gagnstefnanda með afsali 30. júní 2004. Framangreint tryggingarbréf hafi þá hvílt á 2. veðrétti fasteignarinnar, og verið yfirtekið af afsalshafa og kaupanda, þ.e. gagnstefnanda. Með áritun á tryggingarbréfið hafi stefndi í aðalsök, Ólafur H. Jónsson, sem handhafi tryggingarbréfsins, heimilað að lán frá lífeyrissjóði fengi að hvíla á undan tryggingarbréfinu, sbr. áritun hans á bréfið þann 8. desember 2004.

Gagnstefnandi hafi framselt þetta tryggingarbréf aðalstefnanda með áritun á bréfið þar um 17. ágúst 2006, og hafi því á þeim tíma verið eigandi bréfsins. Með viðauka við tryggingarbréfið, dags. 22. ágúst 2006, hafi því verið breytt þannig að það stóð til tryggingar öllum skuldum stefnda, Ólafs H. Jónssonar, við aðalstefnanda og því hafi það ekki lengur staðið til tryggingar skuldum gagnstefnanda við handhafa bréfsins.

Aðalstefnandi tekur fram að í gagnsök krefjist gagnstefnandi þess nú að tryggingarbréfið, sem hún hafi framselt aðalstefnanda, og hafi hvílt á fasteigninni í áraraðir þrátt fyrir að eignin hafi gengið kaupum og sölum milli tengdra aðila eftir að gagnstefnandi fékk henni fyrst afsalað til sín, sbr. framangreint, verði dæmt ógilt. Aðalstefnandi telur að þessi afsöl bendi eindregið til þess að gagnstefnandi hafi tekið virkan þátt í viðskiptum með maka sínum, meðstefnda í aðalsök, Ólafi H. Jónssyni.

Varðandi tryggingarbréfið 17. ágúst 2006 mótmælir aðalstefnandi því sem haldið sé fram í gagnstefnu að gagnstefnandi hafi verið ómeðvituð um slæma fjárhagsstöðu stefnda Ólafs. Þá mótmælir hann því að efni sé til þess að ógilda tryggingarbréfin með vísan til aðstöðumunar aðila eða að forveri stefnanda hafi brotið gegn 19. gr. laga nr. 161/2002 eða reglum um neytendavernd.

Þessu til stuðnings vísar aðalstefnandi til þess að gagnstefnandi hafi staðfest skriflega veðsetningu eignar sinnar samkvæmt téðum tryggingarbréfum sem þinglesinn eigandi fasteignarinnar að Huldubraut 50. Hún hafi veitt veð í fasteign sinni fyrir skuldum maka síns, en enginn hafi neytt hana til þess að skrifa undir

bréfin. Þá verði einnig að hafa það í huga að gagnstefnandi og meðstefndi Ólafur í aðalsök eru í hjúskap og voru það á þeim tíma þegar veðsetningin fór fram. Þau hafi talið sameiginlega fram til skatts svo sem lög bjóði, en skv. 92. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003 skulu bankar og önnur fjármálafyrirtæki m.a. veita ríkisskattstjóra upplýsingar um útlán til viðskiptamanna og vaxtagreiðslur af þeim, en ríkisskattstjóri miðli þeim upplýsingum inn á skattframtöl viðkomandi. Þá hafi gagnstefnanda árlega verið sent yfirlit yfir tryggingarbréfin. Með hliðsjón af því verði að telja að gagnstefnandi hafi þekkt eða mátt þekkja fjárhagsstöðu lántakans, eiginmanns síns, í hvaða tilgangi veðsetningin hafi verið gerð, og að maki hennar hafi tekið lán sem tryggð hafi verið með tryggingarbréfunum.

Sökum þess langa tíma sem liðinn sé frá útgáfu tryggingarbréfs nr. 0111-63-110470, sem útgefið var 17. ágúst 2006, og frá framsali á tryggingarbréfi nr. 111-63-110472, til Landsbanka Íslands hf. sama dag, og töku láns nr. 5538 21. ágúst 2006, sem tryggt hafi verið með áðurnefndum tryggingarbréfum, sem og þess að tryggingarbréfin og lánsamningurinn hafi verið gefin út hjá forvera Landsbankans hf., Landsbanka Íslands hf., sé ómögulegt fyrir bankann að finna frekari gögn tengd útgáfu framangreindra skjala. Meðal þeirra gagna sem ekki hafi fundist sé greiðslumat á stefnda Ólafi. Hvað sem því líði telur aðalstefnandi að ekki verði sýnt fram á annað en að Landsbanki Íslands hf. hafi farið að ákvæðum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001 við framangreinda lánveitingu. Í því sambandi sé rétt að hafa í huga þann langa tíma sem liðinn sé frá umræddri lánveitingu. Þá verði ekki talið unnt að leggja þá skyldu á bankann að geyma gögn að baki tryggingarbréfum og lánsamningi frá árinu 2006 sem gefin hafi verið út hjá öðrum lögaðila enda hafi engin lagaskylda hvílt á bankanum til að geyma greiðslumat á umræddum tíma. Engar sérstakar reglur hafi verið um geymsluskyldu greiðslumatsgagna í samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001. Í þessu sambandi sé vísað til 6. gr. reglugerðar nr. 920/2013, um lánshæfis- og greiðslumat, en þar komi fram að einungis sé skylt að varðveita gögn tengd greiðslumati í fimm ár. Þá sé almenn geymsluskylda bókhaldsgagna sjö ár, sbr. 20. gr. laga nr. 145/1994, um bókhald.

Því er mótmælt af hálfu aðalstefnanda að það sé ósanngjarnt í skilningi 36. gr. laga nr. 7/1936, að innheimta kröfu sem tryggð sé með framangreindum bréfum. Telur aðalstefnandi rétt að áréttu að hann byggi enn fremur á því að hvorki hann né Landsbanki Íslands hf. hafi brotið gegn skráðum eða óskráðum háttænisreglum og ekki hafi bankinn valdið gagnstefnanda tjóni.

Í tilefni af þeim röksemdum gagnstefnanda að aðstöðumunur hafi verið við samningsgerðina og að ósanngjarnt sé að bera samninginn fyrir sig bendir aðalstefnandi á að gagnstefnandi sé menntakona, sálfræðingur, og maki hennar,

stefndi Ólafur, sé viðskiptafræðingur, en þau hafi verið í hjúskap frá árinu 1972. Í gagnstefnu sé hvorki leitast við að rökstyðja í hverju hinn ætlaði aðstöðumunur hafi falist og hvaða áhrif hann eigi að hafa haft við samningsgerðina né hvers vegna það sé ósanngjarnt af hálfu aðalstefnanda að bera samninginn fyrir sig. Ekki sé heldur leitast við að sýna fram á að það stafi af einhverjum eða öllum þeim tilvikum sem tilgreind séu í 2. mgr. 36. gr. framangreindra laga.

Aðalstefnandi byggir á því að ekki verði annað séð en að gagnstefnandi hafi verið vel meðvituð um lánveitinguna og að umrædd eign hennar stæði henni til tryggingar. Hún hafi því ekki sýnt fram á að ósanngjarnt sé af hálfu aðalstefnanda að bera samninginn fyrir sig, hvað þá að önnur skilyrði 36. gr. laga nr. 7/1936 séu uppfyllt.

Fram kemur af hálfu aðalstefnanda að gagnstefnandi vísi til ákvæða 1. mgr. 5. gr. og 7. gr. laga nr. 32/2009, um ábyrgðarmenn, til stuðnings því að fjármálafyrirtæki beri að tilkynna ábyrgðarmanni um vanskil/vanefndir lántaka. Aðalstefnandi hafi sent tilkynningar frá 1. janúar 2011 til 8. janúar 2016 en í þeim komi fram að skuldir Ólafs séu í skilum. Þessu mótmælir aðalstefnandi, enda komi aldrei fram að skuldir Ólafs séu í skilum. Í tilkynningum til gagnstefnanda segi að vanskil séu 0. Fyrir neðan komi fram eftirfarandi fyrirvari: „Fyrirvari er gerður um villur í þessari tölvuútskrift. Ef misræmi er á milli skráningaupplýsinga á yfirlitinu og ábyrgðarskjals gildi ábyrgðarskjalið. Komi til vanskila skuldar leggjast dráttarvextir og innheimtukostnaður við ábyrgðarfjárhæð.“ Þá hafi gagnstefnandi fengið upplýsingar um stöðu skulda í árslok inn á sameiginlegt skattframtal hennar og stefnda Ólafs eins og áður segi.

Aðalstefnandi vísar til þess að samkvæmt 58. gr. hjúskaparlaga hafi maki ráðstöfunarrétt yfir eign sinni, en fasteignin að Huldubraut 50 sé hjúskaparegin gagnstefnanda. Gagnstefnandi og maki hennar, stefndi Ólafur, hafi staðið saman að veðsetningu eignarinnar með áritun á framangreind tryggingarbréf í samræmi við áskilnað í 60. gr. sömu laga. Gagnstefnanda hafi því verið og mátt vera vel kunnugt um að tryggingarbréfin væru til tryggingar á skuldum við aðalstefnanda og áður forvera hans, Landsbanka Íslands. Gagnstefnandi hafi engan reka gert að því að mótmæla gildi þeirra fyrr en fjölmörgum árum síðar og hafi því sýnt af sér slíkt tómlæti að það leiði til sýknu í máli þessu.

Mestu varði að framangreind tryggingarbréf, sem séu til tryggingar öllum skuldum maka gagnstefnanda við aðalstefnanda, séu gildir löggerningar sem engar ógildingarástæður samningaréttarins ná til eða leiði til þess að tryggingarbréfin verði dæmd ógild. Aðalstefnandi krefjist því sýknu af dómkröfum gagnstefnanda í gagnsök.

Aðalstefnandi bendir á að í aðalsök krefjist gagnstefnandi þess að vera sýkn af kröfum aðalstefnanda um dóm sem heimili honum að gera fjárnám inn í veðrétt samkvæmt tryggingarbréfunum. Eins og málið liggir fyrir í aðalsök verði m.a. tekist á um það milli aðila hvort það teljist ósannjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að aðalstefnandi beri þá löggæringa fyrir sig, annan eða báða, gagnvart gagnstefnanda, sbr. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936. Við mat á því skuli líta til atriða sem talin séu upp í 2. mgr. 36. gr. sömu laga. Tryggingarbréfin séu engu að síður gildir löggæringar hver sem niðurstaðan verði í aðalsök.

Í gagnsök vísar aðalstefnandi til almennra reglna samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi loforða, greiðsluskyldu fjárskuldbindinga og samningafrelsis. Þá vísar aðalstefnandi til laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, einkum 36. gr. laganna, og til óskráðra meginreglna kröfuréttar um óréttmæta auðgun. Varðandi kröfu aðalstefnanda um málskostnað vísar hann til 3. mgr. 129. gr., 130. gr. og a-liðar 1. mgr. 131. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Aðalstefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur og sé því nauðsyn á að fá dóm fyrir skattinum úr hendi gagnstefnanda, en sú krafa byggist á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988.

IV

1. Rökstuðningur fyrir úrlausn á kröfu aðalstefnanda í aðalsök

Gjaldþrotaskiptum lauk á búi stefnda, Ólafs H. Jónssonar, 30. desember 2014 án þess að nokkuð fengist greitt upp í skuld hans samkvæmt lánsamningi 21. ágúst 2006. Við það féll krafa aðalstefnanda á grundvelli samningsins ekki niður heldur bar hann áfram ábyrgð á skuld sinni, sbr. 1. málslið 2. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. Sérstakar reglur giltu þó um fyrningu kröfunnar. Við lok skiptanna hófst þannig nýr tveggja ára fyrningarfrestur, sbr. 2. málslið sömu málsgreinar, sbr. 1. gr. laga nr. 142/2010. Enn fremur var einungis unnt að slíta fyrningu kröfunnar að nýju með því að stefnandi höfðaði innan fyrningarfrestsins mál á hendur stefnda Ólafi og fengi þar dóm um viðurkenningu á fyrningarlitum gagnvart honum, sbr. 3. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991. Mál þetta er m.a. höfðað í þessum tilgangi af hálfu aðalstefnanda.

Ákveðin skilyrði þurfa að vera fyrir hendi til þess fallast megi á kröfu um viðurkenningu á fyrningarlitum samkvæmt 3. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991. Þar segir að slíka viðurkenningu skuli því aðeins veita með dómi að kröfuhafi sýni fram á að hann hafi sérstaka hagsmuni af því að slíta aftur fyrningu, svo og að líkur megi telja á að fullnusta geti fengist á kröfu hans á nýjum fyrningartíma.

Ekki er í lögnum vikið að því hvers konar hagsmunir kröfuhafa geti talist sérstakir. Í athugasemdum með frumvarpi því er varð að lögum nr. 142/2010 sagði

um þetta atriði að þar væri „horft til þess af hvaða rót kröfurnar eru runnar og höfð í huga tilvik eins og krafa á hendur þrotamanni sem til hefur orðið með saknæmri eða ámælisverðri háttsemi hans“. Þó var tekið fram að hér væri ekki um tæmandi talningu að ræða „en til þess ber að líta að hér er gert ráð fyrir að um undantekningartilfelli verði að ræða og þrönga túlkun á heimildinni“. Kæmi það í hlut dómstóla að afmarka í framkvæmd hvers konar tilvik réttlættu slit fyrningar kröfu á þessum tveggja ára fyrningartíma.

Þrátt fyrir þessi ummæli í lögskýringargögnum, sem skírskota einkum til þess hvaða hlut þrotamaður hafi átt í því að krafa stofnaðist, verður í ljósi orðalags ákvæðisins einnig að líta til þess hvort hagsmunir viðkomandi kröfuhafa af fyrningarslitum séu sérstakir í samanburði við almenna hagsmuni lánardrottins af því að krafa falli ekki úr gildi þannig að unnt sé að ná fram efndum hennar.

Aðalstefnandi hefur rökstutt hagsmuni sína af kröfu sinni með vísan til þess að ef ekki verður fallist á fyrningarslit geti bankinn ekki krafist fullnustu kröfunnar með greiðslu skuldar eða með fjárnámi inn í veðréttindin sem hvíla á fasteigninni. Við aðalmeðferð skírskotaði aðalstefnandi einnig til þess að sú skylda hvíli á honum sem fjármálafyrirtæki að gæta jafnræðis við innheimtu krafna. Þá væri staða stefnanda ekki svo frábrugðin þeim sem öðlast tryggingarréttindi fyrir kröfu sinni í eign þrotamannsins áður en tveggja ára fyrningarfrestur er á enda, sbr. niðurlag 3. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991, en þá fynist krafan ekki að því leyti sem fullnusta fæst vegna þeirra tryggingarréttinda. Hins vegar hefur ekki verið á því byggt af hálfu aðalstefnanda að stefndi Ólafur hafi stofnað til þeirra skuldbindinga sem um ræðir með einhverjum þeim hætti að ámælisvert geti talist, svo skírskotað sé til sjónarmiða í lögskýringargögnum með frumvarpi því er varð að lögum nr. 142/2010.

Þó að aðalstefnandi eygi von um að ná fram efndum að hluta eða öllu leyti á kröfunni með því að nýta sér tryggingarréttindin sem hann kveðst eiga í fasteign gagnstefnanda getur það ekki leitt til þess að hagsmunir hans teljist svo sérstakir, í samanburði við almenna hagsmuni lánardrottna, að það heimili fyrningarslit í máli þessu. Er þá m.a. horft til þess að bæði skilyrðin í 3. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991, annars vegar um sérstaka hagsmuni kröfuhafa og hins vegar að líkur megi telja á að fullnusta geti fengist á kröfunni á nýjum fyrningartíma, þurfa að vera uppfyllt til að heimila megi fyrningarslit. Þá fær dómurinn engan veginn séð að sérregla í niðurlagi málsgreinarinnar geti verið málalíbúnaði aðalstefnanda til framdráttar, en hún tekur aðeins til þess þegar þrotamaður eignast á tveggja ára fyrningartímanum eign sem lánardrottinn öðlast tryggingarréttindi í. Staða og hagsmunir aðalstefnanda eru frábrugðin þeirri aðstöðu, sem sú regla gildir um, á þann veg að tryggingarréttindi bankans eru ekki í eign þrotamanns, heldur eiginkonu hans, og

þau voru til staðar áður en tveggja ára fyrningarfresturinn hófst.

Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið telur dómurinn að stefnandi hafi ekki fært viðhlítandi rök fyrir því að hann eigi sérstaka hagsmuni af því að slíta aftur fyrningu kröfunnar. Almennar skyldur fjármálafyrirtækja sem stefnandi hefur vísað til í þessu sambandi breyta að mati dómsins engu um þá niðurstöðu. Þegar af þessum ástæðum ber að hafna kröfu aðalstefnanda um viðurkenningu á fyrningarlitum hennar. Í ljósi þeirrar niðurstöðu og þar sem tveggja ára fyrningarfrestur kröfunnar er nú liðinn ber jafnframt að líta svo á að krafan sé niður fallin fyrir fyrningu. Því verður stefndi Ólafur jafnframt sýknaður af fjárkröfu aðalstefnanda. Með sömu rökum ber að sýkna gagnstefnanda í aðalsök af kröfu aðalstefnanda um að heimila fjárnám inn í veðréttindin til fullnustu á framangreindri kröfu.

2. Röksemdir fyrir úrlausn á kröfu gagnstefnanda í gagnsök

Í gagnsök krefst gagnstefnandi þess að tryggingarbréfið frá 11. september 2000, sem var breytt 22. ágúst 2006 á þann veg að það stóð framvegis aðeins til tryggingar skuldum stefnda Ólafs, sem og tryggingarbréfið frá 17. ágúst 2006, verði felld úr gildi. Með báðum bréfunum var íbúð að Huldubraut 50 í Kópavogi sett að veði til tryggingar á öllum skuldum viðkomandi. Af þeim sökum hefur niðurstaða í aðalsök ekki þá þýðingu að fallast beri skilyrðislaust á kröfu gagnstefnanda um að ógilda gerningana þó að fyrir liggi að þeir hafi verið gerðir í ágúst 2006 gagnert til tryggingar á skuld stefnda Ólafs sem til var stofnað með lánessamningnum 21. ágúst 2006.

Þegar tryggingarbréfið frá 17. ágúst 2006 var gefið út og tryggingarbréfinu frá 11. september 2000 var breytt 22. sama mánaðar á þann veg sem að framan greinir var í gildi samkomulag sem Samtök banka og veðbréfafyrirtækja fyrir hönd aðildarféлага sinna, Samband íslenskra sparisjóða fyrir hönd sparisjóða og Neytendasamtökin og viðskiptaráðherra af hálfu stjórnvalda, höfðu gert og tekið hafði gildi 1. nóvember 2001. Samkomulag þetta miðaði einkum að því að vernda ábyrgðarmenn þegar sjálfskuldarábyrgð eða veð í eigu annars einstaklings eru sett til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu. Fram kemur í 2. gr. samkomulagsins að það taki meðal annars til þess þegar einstaklingur hefur gefið út leyfi til þess að veðsetja fasteign sína til tryggingar skuldum annars einstaklings. Þá ber efni samkomulagsins með sér að það hafi m.a. tekið til starfsemi forvera stefnanda, Landsbanka Íslands hf.

Í 3. gr. samkomulagsins var meðal annars kveðið á um að fjármálafyrirtæki skyldu meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óskaði sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að það yrði ekki gert. Næmi ábyrgð ábyrgðarmanns meira

en 1.000.000 króna væri þó skylt að greiðslumeta skuldara, eins og fram kom í 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins. Í niðurlagi þeirrar málsgreinar var frá þessu vikið með eftirfarandi orðum: „Þó er hjónum eða fólki í óvígðri sambúð heimilt að undanskilja fjármálafyrirtæki frá skyldu til greiðslumats, vegna ábyrgðar á skuldum hvors annars.“ Í samkomulaginu var í 4. gr. síðan kveðið á um að tryggt skyldi að ábyrgðarmaður gæti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengist í ábyrgðina, enda hefði greiðandi samþykkt það. Ef niðurstaða greiðslumats benti hins vegar til þess að greiðandi gæti ekki efnt skuldbindingar sínar, en ábyrgðarmaður óskaði engu að síður eftir því að lánið yrði veitt, bar ábyrgðarmanninum að staðfesta það skriflega, sbr. 4. mgr. 4. gr. Í sömu grein var einnig kveðið á um að fjármálafyrirtækjum bæri að gefa út upplýsingabæklinga um sjálfskuldarábyrgðir og dreifa þeim með skjölum sem afhent væru ábyrgðarmönnum til undirritunar.

Samkvæmt áritun á tryggingarbréfið, dags. 11. september 2000, sem fram fór 17. ágúst 2006, en bréfið hafði þá hafði hvílt á fasteigninni Huldubraut 50 frá útgáfu þess, varð forveri aðalstefnanda handhafi þess frá þeim tíma og naut þeirra réttinda sem efni þess bar með sér að fylgdi handhöfn þess. Með viðauka við tryggingarbréfið 22. sama mánaðar stóð það framvegis einungis til tryggingar á öllum skuldum stefnda Ólafs. Gagnstefnandi var þá eini eigandi fasteignarinnar að Huldubraut 50 samkvæmt afsali 30. júní 2004. Með framangreindum viðauka veitti hún leyfi til að veðsetja fasteign sína til tryggingar skuldum annars einstaklings allt að sjö milljónum króna. Um þann löggerning gildi því framangreint samkomulag eins og gildissvið þess var afmarkað í 2. gr. Þá er ágreiningslaust að samkomulagið gildi um tryggingarbréfið, sem gefið var út 17. ágúst 2006, en með því veitti gagnstefnandi leyfi til þess að veðsetja fasteign sína til tryggingar skuldum annars einstaklings.

Skuldbindingar samkvæmt tryggingarbréfunum voru hvor um sig miklum mun hærri en það hámark sem 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins kvað á um. Hvorki tryggingarbréfið 17. ágúst 2006 né viðaukinn frá 22. sama mánaðar bera með sér að gagnstefnandi hafi samþykkt að undanskilja forvera stefnanda frá skyldu til greiðslumats vegna ábyrgðar á skuldum eiginmanns hennar. Aðalstefnandi hefur ekki heldur lagt fram önnur gögn sem gefa til kynna að það hafi hún gert. Samkvæmt framansögðu verður að leggja til grundvallar að bankanum hafi borið að greiðslumeta stefnda Ólaf samkvæmt samkomulaginu áður en gagnstefnandi heimilaði veðsetningu fasteignar sinnar til tryggingar á skuldum eiginmanns síns.

Gagnstefnandi og stefndi Ólafur halda því fram að ekkert mat hafi farið fram á greiðslugetu stefnda Ólafs í tengslum við lántöku hans árið 2006. Engin gögn hafa verið lögð fram sem gefa vísbendingu um að það hafi verið gert áður en

gagnstefnandi veðsetti fasteign sína til að tryggja efndir á skuldbindingum stefnda Ólafs. Ekki er til þess vísað í tryggingarbréfinu 17. ágúst 2006 eða viðaukanum frá 22. sama mánaðar við tryggingarbréfið frá 11. september 2000. Í lánessamningnum 21. ágúst 2006 lýsir lántaki því að vísu yfir að hann hafi látið bankanum í té allar þær upplýsingar „sem nauðsynlegar eru til þess að meta fjárhagslega stöðu hans“. Þar er þó ekki gefið til kynna að slíkt mat hafi farið fram af hálfu bankans þó að lántaki hafi með undirritun sinni á samninginn lýst þessu yfir. Þá hefur mat á greiðslugetu stefnda Ólafs heldur ekki verið lagt fram af hálfu aðalstefnanda.

Þó að langt sé um liðið frá því að lánið var veitt, og að ekki verði ráðið af samkomulaginu frá 2001 að til þess hafi verið ætlast að fjármálastofnanir geymdu niðurstöðu greiðslumats í tiltekinn tíma, verður aðalstefnandi að bera hallann af þeirri óvissu sem ríkir um það hvort forveri hans hafi fullnægt skuldbindingum sínum samkvæmt framangreindu samkomulagi með því að láta fara fram greiðslumat. Eins og málið liggur fyrir verður því að ganga út frá því að það hafi ekki verið gert áður en gagnstefnandi veitti leyfi fyrir veðsetningu fasteignar sinnar í því skyni að tryggja greiðslu fjárskuldbindinga stefnda Ólafs við forvera aðalstefnanda, eins og rétt var að gera samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins. Engu breytir í því sambandi þó að síðar hafi verið litið svo á að fjármálafyrirtæki þurfi ekki að geyma gögn sem greiðslumat er byggt á nema í tiltekinn tíma.

Gagnstefnandi reisir kröfu sína um ógildingu tryggingarbréfanna á 36. gr. laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa. Vísar gagnstefnandi einkum til þess að aðalstefnandi hafi vanrækt framangreinda skyldu sína og ekki upplýst hana um fjárhagslega stöðu stefnda Ólafs. Þá hafi fjárhagsstöðu hans verið þannig háttáð að fullyrða megi að hann hafi ekki getað staðið undir endurgreiðslu skuldbindinga sinna gagnvart forvera aðalstefnanda.

Samkvæmt 1. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936 má víkja samningi til hliðar í heild eða að hluta, eða breyta honum, ef það yrði talið ósamngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Við mat á því hvort efni sé til þess að víkja samningi til hliðar ber samkvæmt 2. mgr. greinarinnar að líta til efnis samnings, stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til. Verður ávallt að meta þessi atriði andspænis grundvallarreglunni um skuldbindingargildi loforða.

Þegar litið er til efnis þeirra tryggingarbréfa sem hér um ræðir er til þess að líta að gagnstefnandi var með þeim að tryggja efndir á öllum skuldbindingum eiginmanns síns við Landsbanka Íslands hf. sem hún bar að öðru leyti ekki ábyrgð á, sbr. 67. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993. Veðsetti hún í þessu skyni fasteign sína sem var heimili þeirra hjóna. Í því ljósi verður heildarfjárhæð veðtryggingarinnar, samtals 23 milljónir króna, að teljast umtalsverð.

Eins og rakið hefur verið var veðtryggingin forsenda þess að eiginmaður gagnstefnanda, stefndi Ólafur, gæti fengið lán hjá forvera aðalstefnanda að fjárhæð 141.000 sterlingspund. Sá sem krefst ógildingar sammings á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 ber almennt sönnunarbyrðina um að atvik séu með þeim hætti að efni sé til þess að verða við þeirri kröfu. Ekki hafa verið lögð fram nein gögn sem varpa ljósi á í hvaða tilgangi lánið var tekið og í hvað lánsféð var notað eftir að það var greitt inn á reikning stefnda Ólafs. Þá gáfu engir skýrslu við aðalmeðferð málsins. Eins og mál þetta liggur fyrir telst því ósannað að fjármuninum hafi einungis verið varið til viðskipta eiginmannsins, eins og gagnstefnandi heldur fram. Er þá heldur ekki unnt segja til um hvort gagnstefnanda hafi verið að öllu leyti ókunnugt um ráðstöfun lánsfjárins. Ekkert liggur þó heldur fyrir um að gagnstefnandi hafi sjálf notið einhvers af lánsfénu, en ekki verður af málatilbúnaði aðalstefnanda séð að á því sé byggt.

Tryggingarbréfin gefa að mati dómsins að öðru leyti ekki tilefni til þess að álykta að efni þeirra sé óvenjulegt eða ósanngjarnt. Voru skuldbindingarskjölin í meginatriðum skýr um skuldbindingu veðsala. Með undirritun sinni á tryggingarbréfið 17. ágúst 2006 gaf gagnstefnandi enn fremur yfirlýsingu þess efnis að hún hefði kynnt sér efni upplýsingabæklinga Landsbanka Íslands hf. um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila. Er ekkert fram komið í málinu um að gagnstefnandi hafi með tilliti til efnis samninganna átt erfitt með að átta sig á þýðingu skuldbindinga sinna og þeirri almennu áhættu sem í þeim fólst.

Þegar litið er til stöðu sammingsaðila ber að taka tillit til þess að Landsbanki Íslands hf., forveri aðalstefnanda, var stórt fjármálafyrirtæki sem starfaði á grundvelli opinbers leyfis, og eðlilegt að gera til hans ríkar kröfur um sérfræðiþekkingu og vönduð vinnubrögð. Þessar kröfur voru að nokkru leyti lögfestar með 19. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, en á þeim tíma sem gerningar þeir sem mál þetta lýtur að voru gerðir var þar kveðið á um að slík fyrirtæki skyldu starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði. Gagnstefnandi er aftur á móti sálfræðingur að mennt og ekkert liggur fyrir um að hún hafi reynslu eða sérstaka þekkingu á viðskiptum.

Eins og rakið hefur verið voru atvik við sammingsgerðina á þá leið að forveri stefnanda vanrækti að meta greiðslugetu eiginmanns gagnstefnanda, stefnda Ólafs, áður en hún samþykkti að veðsetja fasteign sína til tryggingar á öllum fjárhagsskuldbindingum hans við bankann. Með því brást aðalstefnandi skyldum sínum samkvæmt framangreindu samkomulagi 1. nóvember 2001 sem miðaði að því að vernda ábyrgðarmenn, draga úr vægi ábyrgða einstaklinga og miða lánveitingar fremur við greiðslugetu greiðanda og eigin trygginga hans. Verður aðalstefnandi að bera áhættuna af þeirri vanrækslu sem var til þess fallin að

torvelda gagnstefnanda að meta þá sérstöku áhættu sem fólst í veðsetningu fasteignarinnar. Þá er til þess að líta að aðalstefnandi virðist ekki hafa freistað þess að hafa beint samband við gagnstefnanda vegna þeirrar ábyrgðar sem hún gekkst undir með veðsetningu fasteignar sinnar.

Samkvæmt skattframtali þeirra hjóna árið 2007 vegna tekjuársins 2006 voru launatekjur stefnda Ólafs 1.235.750 krónur og fjármagnstekjur engar. Eignir hans voru einkum hlutir í nokkrum félögum en ekkert liggur fyrir um verðgildi þeirra. Miðað við þessar forsendur er vandséð að hann hafi getað staðið undir greiðslubyrði af því láni sem hann tók 21. ágúst 2006, sem og öðrum skuldbindingum hans við bankann. Er þá jafnframt til þess að líta að samhliða láni á 141.000 sterlingspundum tók stefndi Ólafur annað lán sama dag að jafnvirði 60.000 bandaríkjadala. Samkvæmt framlögðum gögnum virðist aldrei hafa verið greitt af láninu 21. ágúst 2006 sem hér um ræðir, heldur var gjalddaga höfuðstóls og vaxta ávallt frestað allt til 1. apríl 2009. Þú stefnda Ólafs var síðan tekið til gjaldþrotaskipta 30. apríl 2014 og var þá kröfum lýst í búið m.a. á grundvelli beggja þessara lánsamninga.

Miðað við það sem fram er komið í málinu verður að ganga út frá því að niðurstaða greiðslumats á stefnda Ólafi hefði kallað á að aðalstefnandi upplýsti gagnstefnanda um að matið benti til þess að greiðandinn gæti ekki efnt skuldbindingar sínar. Hefði þá borið að inna gagnstefnanda sérstaklega eftir því samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins hvort hún óskaði engu að síður eftir því að lán yrði veitt og staðfesta það skriflega. Af þessum sökum og með vísan til þeirra miklu fjárhagslegu hagsmuna sem í húfi voru fyrir gagnstefnanda verður að ljá vanrækslu aðalstefnanda í þessu efni umtalsvert vægi. Í ljósi samkomulagsins gat forveri aðalstefnanda ekki gengið út frá því að gagnstefnandi vissi hver fjárhagsstaða eiginmanns síns var. Þá hefur aðalstefnandi ekki fært viðhlítandi rök fyrir því að henni hafi, þrátt fyrir vanrækslu aðalstefnanda að þessu leyti, verið kunnugt um fjárhagsstöðu hans á þeim tíma er hún heimilaði veðsetningu fasteignar sinnar. Verður aðalstefnandi að bera hallann af óvissu um það hvort gagnstefnandi hefði heimilað veðsetninguna þrátt fyrir að fá réttar upplýsingar um greiðslugetu lántaka.

Um atvik sem síðar koma til vísar gagnstefnandi til þess að aðalstefnandi hafi ekki tilkynnt henni um vanskil stefnda Ólafs og þannig ekki farið eftir fyrirmælum 1. mgr. 5. gr. samkomulagsins frá 2001 og 7. gr. laga nr. 32/2009, um ábyrgðarmenn. Aðalstefnandi mótmælir þessu og telur þvert á móti að gagnstefnandi hafi sýnt af sér tómlæti við gæslu réttinda sinna er leiði til sýknu í gagnsök.

Í málinu liggja fyrir sex tilkynningar aðalstefnanda til gagnstefnanda sem veðsala, sú fyrsta frá 1. janúar 2011 og sú síðasta frá 8. janúar 2016. Þar er veitt yfirlit yfir ábyrgðir hennar á skuldum annarra við aðalstefnanda. Í tilkynningunum er getið um þau tvö tryggingarbréf sem málið lýtur að og ábyrgðarfjárhæðir tilgreindar. Tilkynningarnar bera það með sér að þar sé jafnan getið um vanskil sé um þau að ræða. Í þessum tilkynningum til gagnstefnanda er aldrei vikið að því að vanskil séu til staðar þannig að reynt geti á ábyrgðirnar.

Samkvæmt framlögðum gögnum virðist mega ráða að vanskil hafi orðið á endurgreiðslu lánessamningsins 21. ágúst 2006, nr. 5538, frá og með 1. apríl 2009. Þá er ágreiningslaust að skuld samkvæmt lánessamningnum var endurútreiknuð og færð yfir í íslenskar krónur í júní 2011. Fram er komið að lántaka var sendur greiðsluseðill þar sem hann var krafinn um greiðslu á 30.788.973 krónum vegna þessa lánessamnings. Ekkert liggur fyrir um að skuldin hafi verið greidd af hálfu lántaka. Lánessamningurinn bar með sér að veð í fasteign gagnstefnanda stóð til tryggingar endurgreiðslu hans samkvæmt umræddum tryggingarbréfum. Með tilkynningum sínum til gagnstefnanda vanrækti aðalstefnandi hins vegar ítrekað skyldu sína samkvæmt a-lið 1. mgr. 7. gr. laga nr. 32/2009, en þar er kveðið á um að lánveitandi skuli senda ábyrgðarmanni tilkynningu svo fljótt sem kostur er um vanefndir lántaka.

Gagnstefnandi kveðst fyrst hafa fengið vitneskju seint á árinu 2013 um að eiginmaður hennar væri í viðræðum við aðalstefnanda um skuldauppgjör og að bankinn liti svo á að skuldir hans væru í vanskilum. Eins og rakið hefur verið var bú stefnda Ólafs tekið til gjaldþrotaskipta 30. apríl 2014 á grundvelli kröfu aðalstefnanda 2. desember 2013. Aðalstefnandi lýsti þar kröfu á grundvelli lánessamningsins nr. 5538. Skiptum lauk 30. desember 2014, eins og rakið er í kafla II. Skömmu fyrir skiptalok sendi aðalstefnandi gagnstefnanda innheimtubréf, dags. 28. nóvember 2014, þar sem hún var krafín um greiðslu á grundvelli tryggingarbréfanna sem hvíldu á fasteign hennar. Kom þar fram að bréfin tryggðu m.a. fyrrgreindan lánessamning og næmi gjaldfallin skuld þeirra 30.788.973 krónum að viðbættum vöxtum og öðrum innheimtukostnaði. Eins og rakið er í kafla II var efni innheimtubréfanna mótmælt með bréfi lögmanns gagnstefnanda 12. janúar 2015. Fyrstu efnislegu viðbrögð aðalstefnanda við mótmælunum birtust í stefnu máls þessa í aðalsök 15. desember 2016.

Í ljósi þeirra atvika sem hér hafa verið rakin telur dómurinn ekki efni til þess að álykta að gagnstefnandi hafi sýnt af sér tómlæti við gæslu réttinda sinna í skiptum við aðalstefnanda þannig að það hafi þýðingu við heildarmat á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936. Verður í því sambandi að taka tillit til þess að ekki gafst eiginlegt tilefni til þess að grípa til varna á grundvelli þeirra sjónarmiða sem gagnstefnandi

byggir á í máli þessu fyrr en með innheimtubréfinu 28. nóvember 2014, enda höfðu yfirlit aðalstefnanda um ábyrgðir hennar fram að því ekki borið það með sér að reyna kynni á veðtrygginguna.

Þegar litið er heildstætt til þeirra atriða sem hér hafa verið rakin, einkum framgöngu forvera aðalstefnanda við samningsgerðina, og jafnframt höfð hliðsjón af niðurstöðu í aðalsök, telur dómurinn ósanngjarnt að aðalstefnandi beri umrædd tryggingarbréf fyrir sig gagnvart gagnstefnanda. Því eru uppfyllt skilyrði til að ógilda samþykki gagnstefnanda fyrir veðsetningu fasteignar sinnar samkvæmt tryggingarbréfunum á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936. Ber því að fallast á kröfu gagnstefnanda þess efnis eins og í dómsorði greinir.

3. Niðurstæða, málskostnaður o.fl.

Komist hefur verið að þeirri niðurstöðu með þeim rökum sam rakin hafa verið í kafla IV.1 að sýkna beri stefnda Ólaf af þeirri kröfu aðalstefnanda að viðurkennt verði að fyrningu kröfu bankans á hendur stefnda Ólafi sé slitið og honum verði gert að greiða aðalstefnanda umkrafða fjárhæð. Jafnframt hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að rétt sé að sýkna gagnstefnanda af þeirri kröfu aðalstefnanda að bankanum verði heimilað að gera fjárnám inn í veðrétti í fasteign gagnstefnanda að Huldubraut 50 á grundvelli tveggja tryggingarbréfa. Enn fremur er fallist á kröfu gagnstefnanda í gagnsök, með þeim rökum sem koma fram í kafla IV.2, um að fyrrgreind tryggingarbréf, sem hvíla á umræddri fasteign, séu ógild eins og nánar greinir í dómsorði.

Með hliðsjón af framangreindu verður aðalstefnanda gert að greiða stefnda Ólafi og gagnstefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 800.000 krónur til hvors þeirra.

Ásmundur Helgason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Stefndi, Ólafur H. Jónsson, og gagnstefnandi, Guðrún Árnadóttir, eru sýkn af kröfum aðalstefnanda, Landsbankans hf., í aðalsök.

Tryggingarbréf útgefið 11. september 2000, sem var framselt Landsbanka Íslands hf. 17. ágúst 2006, og var breytt 22. ágúst 2006, með númerinu 0111-63-110472, og tryggingarbréf útgefið 17. ágúst 2006 til Landsbanka Íslands hf., með númerinu 0111-63-110470, bæði með veðtryggingu í Huldubraut 50, Kópavogi, með fastanúmerinu 206-2842, til tryggingar skuldum stefnda, Ólafs H. Jónssonar, við aðalstefnanda, eru ógild.

Aðalstefnandi greiði stefnda Ólafi og gagnstefnanda 800.000 krónur í málskostnað til hvors þeirra.

Ásmundur Helgason (sign.)